



## Samningur um Arnarneslækinn

Þann 16. febrúar sl. var undirritaður í FG samningur um að Garðabær, FG og Hofsstaðaskóli vinni saman að umhirðu lækjarins. Í samningnum er kveðið á um að skólarnir skuli hreinsa lækinn og fylgjast með fuglalífi og ástandi lækjarins. Ennfremur skulu þeir standa fyrir fræðslu meðal íbúa Garðabæjar á lífríki lækjarins.

## Imbruvika

Imbruvika er í FG dagana 21. og 22. febrúar. Hápunktur þeirra er svo frumsýning söngleiks og árshátíð nemenda á miðvikudagskvöldið. Engin kennsla er á fimmtudag og föstudag.

## Opið hús í FG

Þriðjudaginn 22. febrúar kl. 16-18 verða stjórnendur, námsráðgjafar og kennarar til viðtals í skólanum og gefa upplýsingar um nám, námsbrautir, námsframboð, kennslu og aðstöðu til náms.

Nemendur munu kynna nemenda- og leikfélagið.

## Frá Foreldraráði FG og skólameistara FG

### Foreldrar/forráðamenn nemenda í FG.

Miðvikudaginn 23. feb. nk. verður haldinn árshátíðardansleikur á skemmtistaðnum Nasa í miðbæ Reykjavíkur. Fyrirkomulagið á dansleiknum verður þannig að skemmtistaðurinn opnar klukkan 22:00 Ballið stendur til 02:30. Nemendur sem eru grunaðir um ölvun verða látnir blása í áfengismæla. Hringt verður í foreldra/forráðamenn þeirra nemenda sem hafa neytt áfengis þetta kvöld.

Rútur fara frá FG á dansleikinn eftir árshátíðarmatinn fyrir þá sem vilja.

Rútur keyra nemendur heim eftir dansleik. Ekki þarf að greiða í rúturnar.

Heyrst hefur að nemendur skipuleggi eftirlitslaus heimapartý í Garðabæ og reyndar víðar fyrir dansleikinn. Leyfum það ekki. Fylgjumst með börnum okkar. Þjóðum þeim akstur á dansleikinn og heim í lokin. Stöndum eins klár og unnt er á því hvar þau eru, með hverjum og hvað þau ætla að gera.

Meginboðskapur foreldraráðs og skólans er að foreldrar/forráðamenn veiti börnum sínum ekki leyfi til að halda eftirlitslaus heimapartý þar sem þau neyta áfengis.

Það gerist því miður of oft að nemendur komi undir áhrifum áfengis á dansleiki sem haldnir eru á vegum NFFG.

Á heimasíðu skólans er liður sem heitir [Fyrir forráðamenn](#). Þar getið þið séð undir fyrirsögninni [Skemmtanir á vegum NFFG](#) alla þá viðburði sem eru á vegum skólans og nemendafélagsins (NFFG). Aðrir viðburðir eru ekki á vegum skólans.

Einnig má á sama stað sjá [bréf](#) frá Þorsteini Þorsteinssyni fyrrverandi skólameistara. Efni bréfsins er frá árinu 2005 og er enn í fullu gildi.

Stjórn Foreldraráðs FG ([foreldrafelag@fg.is](mailto:foreldrafelag@fg.is)) og Kristinn Þorsteinsson skólameistari ([kristinn@fg.is](mailto:kristinn@fg.is)).